

**Bekkjarnámskrá  
Íslenska – 4. bekkur  
Skólaárið 2024-2025**



**Kennarar:** Oddný Þórhallsdóttir og Kristín Jóhanna Þorsteinsdóttir

**Tímafjöldi:** 6 kennslustundir á viku

**Markmið**

Að nemendur geti:

- beitt skýrum framburði í tali og tjáð sig fyrir framan aðra með því að lesa og segja frá atburðum.
- valið bækur sjálf eftir áhuga og hæfni og skilið texta með því að nýta góðan orðaforða.
- lesið úr táknmyndum og myndrænu efni ásamt því að afla sér upplýsinga sjálf úr bókum eða á rafrænu formi.
- Skrifað bæði skýrt og rétt texta og sögur með réttri uppbyggingu texta og notað persónu, söguþráð, umhverfi og boðskap.
- gert grein fyrir hlutverki nafnorða (samnöfn og sérnöfn), sagnorða og lýsingarorða.
- þekkt málsgrein, samsett orð, lýsingarorð, sagnorð, nafnorð, kyn og tölu orða og raðað í stafrófsröð.

**Námsefni**

Lestrabækur við hæfi nemenda.

Lesskilingur:

Málfræði: Ritrún 3

Ritun: Skrift 4 og stílabók/sögubók, ítálúskrift

**Kennsluaðferðir**

Innlögn frá kennara. Sjálfstæð vinna og hópavinna ásamt leikjum og spilum.

**Námsmat**

Lesfimiþróf í september, janúar og maí.

Verkefni út frá hæfniviðmiðum: ljóðaverkefni, frásagnarverkefni, leikræn tjáning, táknmyndir og kort.

Próf í málfræði og sögugerð.

### **Hæfniviðmið – námsþættir**

#### **Talað mál, hlustun og áhorf**

- Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.
- Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.
- Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.
- Nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi.
- Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.
- Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.

#### **Lestur og bókmenntir**

- Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.
- Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings.
- Beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu.
- Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi.
- Lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum.
- Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi.
- Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess.
- Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.

#### **Ritun**

- Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.
- Beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi.

- Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi.
- Nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis.
- Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.
- Skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.

### **Málfræði**

- Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.
- Gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.
- Greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta.
- Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.
- Leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu.
- Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.
- Búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta.

**Bekkjarnámskrá**  
**Stærðfræði – 4. bekkur**  
**Skólaárið 2024-2025**



**Kennarar:** Oddný Þórhallsdóttir og Kristín Jóhanna Þorsteinsdóttir

**Tímafjöldi:** 6 kennslustundir á viku

**Markmið**

Markmið 4. bekkjar í stærðfræði er að geta tekið þátt í samræðum um stærðfræði, unnið í hópum, rökstutt niðurstöður sínar og sett þær fram á myndrænan hátt. Nemendur geti notað verkfæri stærðfræðinnar t.d. talnalínu, vasareikni og einföld stærðfræðitákn. Einnig að þeir geti notað náttúrulegar tölur, samlagningu, frádrátt, margföldun og deilingu, nýtt tugakerfishátt og notað einföld brot.

Nemendur geti notað fjölbreyttar lausnarleiðir við verkefni daglegs lífs og geti t.d við það notað hugtök úr rúmfræði og unnið með mælikvarða, lögun, hliðrað og speglað.

Nemendur geti gert einfaldar tilraunir með líkur og borið skynbragð á áhrif þeirra í spilum.

Nemendur þekki verðgildi peninga.

**Námsefni**

Sproti 4a – nemendabók og æfingahefti.

Sproti 4b – nemendabók og æfingahefti

Aukaefni frá kennara

**Kennsluaðferðir**

Innlögn

Umræður

Hópaverkefni

Sjálfstæð vinna

Spil

### **Námsmat**

3 einstaklingspróf

Samþætt verkefni við náttúrufræði

2 Hópverkefni

### **Hæfniviðmið - námsþættir**

#### **Að geta spurt og svarað með stærðfræði**

- Tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði.
- Rökrætt af innsæi um stærðfræðiverkefni sem tengjast eigin reynsluheimi, rökstutt niðurstöður sínar, val á lausnaleyðum og fylgt röksemdafærslu annarra.
- Leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað ápreifanlega hluti og eigin skýringamyndir.
- Sett fram, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi.

#### **Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar**

- Notað myndmál, frásögn og texta jafnhliða táknmáli stærðfræðinnar og unnið með innbyrðis tengsl þeirra.
- Notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.
- Túlkað og notað einföld stærðfræðitákni, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál.
- Tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni.

#### **Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar**

- Tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir, með því m.a. að nota hlutbundin gögn og teikningar.
- Undirbúið og flutt stuttar kynningar á eigin vinnu með stærðfræði.
- Borið skynbragð á hvaða möguleikar og takmörk stærðfræðinnar eru til að lýsa veruleikanum.

- Kannað og rannsakað með því að setja fram tilgátur og gera tilraunir með áþreifanlegum gögnum.
- Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á hugmyndum nemenda.
- Lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð.
- Notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og gerir sér grein fyrir verðgildi peninga.

### **Tölur og reikningur**

- Notað náttúrlegar tölur, raðað þeim og borið saman.
- Tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við að reiknasamlagningar-, frádráttar-, margföldunar- og deilingardæmi.
- Notað tugakerfisrithátt.
- Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum.
- Reiknað með náttúrlegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt.
- Gefið dæmi um og sýnt hvernig einföld brot og hlutföll eru notuð í daglegu lífi.

### **Algebra**

- Kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota líkön og hluti.
- Notað táknmál stærðfræðinnar til að meta sanngildi og tjá vensl eins og jöfnuð og röð.
- Fundið lausnir á jöfnum með óformlegum aðferðum og rökstutt lausnir sínar, t.d. með því að nota áþreifanlega hluti.

### **Rúmfræði og mælingar**

- Notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu.
- Áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. lengd, flöt, rými, þyngd, tíma og hitastig með óstöðluðum og stöðluðum mælitækjum og notað viðeigandi mælikvarða.
- Borið saman niðurstöður mismunandi mælinga og túlkað niðurstöður sínar.

- Gert óformlegar rannsóknir á tví- og þrívíðum formum, teiknað skýringarmyndir af þeim og hlutum í umhverfi sínu.
- Rannsakað og gert tilraunir með rúmfræði á einfaldan hátt með því að nota tölvur og hlutbundin gögn.
- Unnið með mælikvarða og lögun.
- Speglað og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn.

### **Tölfræði og líkindi**

- Safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið.
- Tekið þátt í umræðum um tilviljanir og líkur, s.s. hvað er líklegt að muni gerast og hvað er tilviljunum háð.
- Talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit.
- Gert einfaldar tilraunir með líkur og borið skynbragð á áhrif þeirra í spilum.
- Tekið þátt í umræðum um gagnasöfnun og myndrit, bæði eigin og annarra.

**Bekkjarnámskrá**  
**Náttúrugreinar - 4. bekkur**  
**Skólaárið 2024-2025**



**Kennari:** Oddný Þórhallsdóttir og Kristín Jóhanna Þorsteinsdóttir

**Tímafjöldi:** 3 kennslustundir á viku

**Markmið**

Markmið 4. bekkjar í náttúrufræði er að geta unnið í hópum, tekið frumkvæði við öflun upplýsinga þegar tiltekið málefni er skoðað frá ýmsum sjónarhornum og geta greint á milli sjónarhornanna. Miðlað í máli og myndum hugmyndum, geta hlustað og rætt hugmyndir annarra. Einnig að geta aflað sér upplýsinga um náttúruna og notað til þess ólíkar heimildir.

Nemendur geti gert sér grein fyrir samspili náttúrunnar og manns og sýnt náttúrunni alúð.

Nemendur geti sagt frá því hvernig Ísland myndast, tekur breytingum eftir árstíðum og hver áhrif þessara breytinga eru á lífsskilyrði fólks og að nemendur viti hver áhrif sólarljóss eru.

Nemendur geti greint á milli algengustu orkugjafa á Íslandi og geti sagt frá náttúruhamförum sem búast má við á Íslandi t.d. eldgosum og jarðskjálftum og hvar þessar náttúruhamfarir kunna að verða.

**Námsefni**

Grænu skrefin

Komdu og skoðaðu

Halló heimur 3

Aukaverkefni frá kennara

**Kennsluaðferðir**

Hópa og einstaklingsvinna



Útikennsla

Sjálfstæð vinna

Umræður

### **Námsmat**

Hópverkefni – búa til eldfjall

Umræðutímar

Hópverkefni , himingeimurinn samþætting við stærðfræði.

Áhugi, virkni, frumkvæði

### **Hæfniviðmið – námsþættir**

#### **Geta til aðgerða**

- Tekið frumkvæði við öflun upplýsinga til að skoða tiltekið málefni frá ýmsum sjónarhornum.
- Greint á milli ólíkra sjónarmiða sem varða málefni daglegs lífs.

#### **Nýsköpun og hagnýting þekkingar**

- Unnið eftir verkferli nýsköpunar, þ.e. leitað að þörfum í daglegu umhverfi fólks.

#### **Gildi og hlutverk vísinda og tækni**

- Miðlað í máli og myndum hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum.
- Notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum.

#### **Vinnubrögð og færni**

- Aflað sér upplýsinga er varða náttúruna.
- Notað ólíkar heimildir við öflun upplýsinga.
- Tekið þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum og kynningu á niðurstöðum.
- Hlustað á og rætt hugmyndir annarra.

#### **Ábyrgð á umhverfinu**

- Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, sýnt félögum og náttúru alúð.
- Rætt eigin lífssýn og gildi, gert sér grein fyrir samspili náttúru og manns.
- Skoðað og skráð dæmi um áhrif af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð.

#### **Að búa á jörðinni**

- Fylgst með og skráð upplýsingar um veður í heimabyggð.
- Notað gervihnatta- og loftmyndir af yfirborði jarðar til að lýsa heimabyggð.

#### **Lífskilyrði manna**

- Útskýrt á einfalda hátt hvernig barn verður til og þekki einkastaði líkamans.
- Rætt fjölbreytni í nýtingu vatns á heimilum og í umhverfinu.

#### **Náttúra Íslands**

- Greint milli algengustu orkugjafa á Íslandi.
- Sagt frá náttúruhamförum sem búast má við á Íslandi og hvar þær verða.

#### **Heilbrigði umhverfisins**

- Gert grein fyrir þjónustu sem náttúrulegir ferlar veita.
- Sett í samhengi mismunandi ástand efna og eiginleika þeirra.

#### **Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu**

- Flokkað gerviefni og náttúruleg efni eftir tilurð þeirra.
- Lýst eiginleikum hljóðs og ljóss og ýmsum fyrirbærum með tilliti til hljóðs og lita.

**Bekkjarnámskrá**  
**Samfélagsgreinar - 4. bekkur**  
**Skólaárið 2024-2025**



**Kennarar:** Oddný Þórhallsdóttir og Kristín Jóhanna Þorsteinsdóttir

**Tímafjöldi:** 4 kennslustundir á viku

**Markmið**

Markmið 4.bekkjara í samfélagsfræði er að læra:

- um sögu mannkyns og íslenska þjóðhætti; svo sem stöðu Íslands í heiminum og menningarmun á milli landa
- um trú og lífsviðhorf og hvaða áhrif það hefur á samfélagið
- um gildi jafnréttis, geta sýnt virðingu, tillitsemi og átta sig á afleiðingum athafna sinna
- að taka þátt í umræðum um samfélagið, virða reglur og sýna umhyggju í leik og starfi
- að setja sér markmið

**Kynbundið ofbeldi**

- Forvarnir og fræðsla fer fram í öllum árgöngum og er unnin upp úr skýrslu UNESCO, International technical guidance on sexuality education. Unnið er með áherslur UNESCO á hverju aldursári og farið meira á dýptina eftir því sem nemendur eldast.
- Áherslur 4. bekkjara eru fjölskyldur, vinátta, samskipti, synjun og samningafærni, kyn og æxlunarfæri, örugg notkun upplýsinga og venjur og áhrif jafningja.

**Unicef**

- Haustönn vinnum við verkefnið Bekkjarsjáttamáli
- Á vorönn vinnum við verkefnið *Í uppgvötvunarferð*

**Námsefni**

Komdu og skoðaðu

Halló Heimur 3

Könnun kortin 2

Myndbönd og aukaefni

**Kennsluaðferðir**

Innlögn frá kennara

Sjálfstæð vinna og hópavinna

Umræðutímar (bekkjarfundir)

Leikir

**Námsmat**

Hópverkefni

Umræðutímar/Bekkjarfundir (hæfniviðmið)

Markmiða-verkefni

Verkefni um trú og lífsviðhorf

Paraverkefni um Ísland

**Hæfniviðmið - námsþættir****Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann**

- Nefnt dæmi um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu, sögu og menningar.
- Sagt frá atburðum og persónum á völdum tímum, sem tengjast nærsamfélaginu.
- Sagt frá gerð og mótun íslensks samfélags fyrr og nú.
- Áttað sig á muninum á völdum þáttum trúar- og lífsviðhorfa.
- Lýst kostnaði vegna eigin neyslu og átti sig á ýmsum tilboðum sem hvetja til útgjalda og neyslu.

- Bent á tengsl valinna þátta í samfélagi, náttúru, trú og lífsviðhorfi, einkum í nærsamfélaginu.
- Velt fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika.
- Velt fyrir sér nærtækum spurningum sem tengjast trú, lífsviðhorfi og breytni
- Komið auga á dæmi um áhrif Biblíunnar á samfélagið.
- Aflað sér og nýtt vitneskju um samfélagsmálefni í námsgögnum og miðlum.
- Sagt frá dæmum, um hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á hvernig fólk lifir.
- Bent á dæmi um líðfræðislega þætti í nærsamfélaginu.
- Nefnt dæmi um trúarlegar vísanir í listum og bókmenntum.

#### **Hugarheimur – sjálfmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum**

- Bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig.
- Bent á dæmi um hefðbundin kynhlutverk og breytingar á þeim.
- Bent á fyrirmyndir sem hafa áhrif á hann.
- Sett sér markmið og gert áætlanir við úrlausn afmarkaðra verkefna.

#### **Félagsheimur – Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra**

- Rætt um valin samfélagsleg og siðferðileg málefni.
- Áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum.
- Sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur.
- Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.
- Sýnt tilitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.
- Sett sig inn í málefni nærsamfélagsins.
- Tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti.
- Áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna.

- Sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi.

**Bekkjarnámskrá**  
**Enska - 4. bekkur**  
**Skólaárið 2024-2025**



**Kennarar:** Oddný Þórhallsdóttir og Kristín Jóhanna Þorsteinsdóttir

**Tímafjöldi:** 2 kennslustundir á viku

**Markmið**

Nemendur skilji orð sem við notum í kennslustofunni, litina, líkamshluta, veður, tilfinningar, áhugamál og fjölskyldu.

Nemendur geti skilið og skrifað stuttan texta úr bókum, blöðum eða á internetinu.

Lýst sjálfum sér og nánasta umhverfi á ensku.

**Námsefni**

Yes we can

**Kennsluaðferðir**

Sjálfstæð vinna og verkefnavinna

Hlustun í vinnubók

Lestur og glósur

**Námsmat**

Glósupróf

Hópverkefni: Árstíðaverkefni

Munnlegt próf

**Hæfniviðmið - námsþættir**

**Hlustun**

- Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.

- Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni.

### **Lesskilningur**

- Skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum.
- Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu.

### **Samskipti**

- Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.

### **Frásögn**

- Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.

### **Ritun**

- Skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista
- Lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi.

### **Menningarläsi**

- Sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.

### **Námshæfni**

- Tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja
- Beitt sjálfsmati sem tengist viðfangsefnum námsins með stuðningi kennara eftir því sem þörf krefur.



**Bekkjarnámskrá**  
**Skólaíþróttir – 4. bekkur**  
**Skólaárið 2024-2025**



**Kennari:** Hjörtur Fjeldsted, Frans Elvarsson, Birna Þorkelsdóttir

**Tímaföldi:** 2 kennslustundir á viku

**Markmið**

Markmið er að örva hreyfiþroska nemenda og efla afkastagetu þeirra. Efla félagsþroska nemenda í formi leikja og samvinnu. Kenna þeim ábyrgð á eigin heilsu með því að tileinka sér markvissa ástundun, íþróttá eða líkamns og heilsurækt.

**Námsefni**

Öll almenn áhöld íþróttahúsa.

**Kennsluaðferðir**

Námið fer að miklu leyti fram í leikjaformi þar sem nemendur virkja hreyfiþörf, efla skynfæri líkamans og styrkja gróf-og fínhyfingar. Auk þess er lögð áhersla á grunnatriðið í flestum íþróttagreinum sem og stöðvarþjálfun og útihlaup.

**Námsmat**

Virgni, viðhorf, hæfni og hegðun eru matsþættir sem íþróttakennari metur jafnt og þétt yfir skólaárið. Nemandi fær einkunn sem er síðan reiknuð út úr matsþáttum.

**Hæfniviðmið – námsþættir**

**Líkamsvitund, leikni og afkastageta**

- Gert æfingar sem reyna á þol.
- Þjálfað hreyfingar sem reyna á stöðujafnvægi og hreyfijafnvægi.
- Þjálfað einfaldar hreyfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu.

- Tekið þátt í stöðluðum prófum.
- Þjálfast í boltafærni og mismunandi boltaleikjum.

### **Félagslegir þættir**

- Unnið með þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leikjum.
- Skilið skipulagshugtök í skólaíþróttum og farið eftir leikreglum.
- Gert sér grein fyrir eigin líkamsvitund og einkastöðum líkamans.

### **Heilsa og efling þekkinar**

- Skýrt mikilvægi heinlætis í tengslum við íþróttir.
- Þekkir heiti helstu líkamshluta.
- Útskýrt líkamlegan mun á kynjum.
- Getur gert einfaldar mælingar og talningar í leikjum.
- Notað einföld hugtök sem tengjast íþróttum og líkamlegri áreynslu.
- Tekið þátt í útivist og búið sig til útiveru með tilliti til veðurs. Ratað um skólahverfi sitt.

### **Öryggis og skipulagsreglur**

- Farið eftir öryggis-, skipulags og umgengisreglum sundstaða og íþróttahúsa og brugðist við óhöppum.

**Bekkjarnámskrá**  
**Sund - 4. bekkur**  
**Skólaárið 2024-2025**



**Kennari:** Hjörtur Fjeldsted, Frans Elvarsson

**Tíma fjöldi:** 1 kennslustund á viku

**Markmið**

Læra allar helstu sundaðferðir og geti notað þær til líkamsræktar og ánægju.

**Námsefni**

Öll helstu áhöld sundlauga, sundfit, kork, kútar og fleira.

**Kennsluhættir**

Kennari leggur fyrir verklegar æfingar fyrir nemendur og útskýrir þær munnlega og/eða með sýnikennslu. Nemendur æfa sig í að synda langsund til að efla þol. Æfingar sem gerðar eru á sundstigsprófum eru æfðar yfir veturinn með endurteknum æfingum.

**Námsmat**

Frammistöðumat: Virkni nemenda í tímum skráð til bókar.

Verklegt próf, nemendur taka sundpróf og ljúka 4. sundstigi.

**Hæfniviðmið – námsþættir**

**Líkamsvitund, leikni og afkastageta**

- Unnið eftir 4. sundstigi.
- Synt 15 m skólabaksund.
- Kafað, velt sér af kvið á bak og öfugt. Tekið þátt í leikjum í vatni.
- Synt 12 m skriðsund.

- Synt 12 m baksund.
- Synt 25 m bringusund.
- Flugsundsfótatök.

#### **Öryggis og skipulagsreglur**

- Farið eftir öryggis-, skipulags og umgengnisreglum sundstaða og íþróttahúsa og brugðist við óhöppum.

**Bekkjarnámskrá**  
**Upplýsinga- og tæknimennt – 4. bekkur**  
**Skólaárið 2024-2025**



**Kennari:** Jovana Dedeic

**Tímafjöldi:** 1 kennslustund á viku

**Markmið**

Að nemendur geti:

- nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms.
- nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag.
- nýtt sér upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna.
- Notað hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni.
- Beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningu
- Sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga.

**Námsefni**

Ritvinnsla, glærugerð, fingrafimi.

**Kennsluaðferðir**

- Innlögn frá kennara
- Sjálfstæð vinna
- Paravinna

**Námsmat**

Mat á verkefnum í ritvinnslu, glærugerð, fingrafimi.

## **Hæfniviðmið – námsþættir**

### **Vinnulag og vinnubrögð**

- Nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms.
- Nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag.
- Sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn.
- Gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði.
- Beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningum.

### **Upplýsingaöflun og úrvinnsla**

- Leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu.
- Nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna.
- Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni.
- Nýtt hugbúnað/forrit við framsetningu á einföldum tölulegum gögnum.
- Unnið með heimildir.

### **Tækni og búnaður**

- Nýtt hugbúnað/forrit við gerð ritunarverkefna og framsetningu tölulegra gagna.
- Nýtt hugbúnað við einfalda vefsmíð.
- Notað einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu

### **Sköpun og miðlun**

- Lýst á einfaldan hátt eigið upplýsinga- og miðlalæsi.
- Notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt.

### **Siðferði og öryggismál**

- Sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og við heimildavinnu.

- Farið eftir reglum um ábyrga netnotkun, er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra.

**Bekkjarnámskrá**  
**Nýsköpun - 4. bekkur**  
**Skólaárið 2024- 2025**



**Kennari:** Drífa Hjördís Thorstensen

**Tímafloði:** 2 kennslustund á viku (16-17 skipti yfir skólaárið)

**Markmið**

**Viðfangsefni:**

- Vísindi - Hvernig virka hlutirnir? (Hreyfiorka, kraftalögmál, rafeindafræði)
- Tækni - Forritun, vélmenni, 3D
- Verkfræði - Setja saman eftir leiðbeiningum (vísindalæsi)
- Hugvit/Hönnun- Frá endurvinnslu til nýsköpunar

**Námsefni**

Fjölbreytt

**Kennsluaðferðir**

***Pekkingaröflun og hugmyndavinna*** snýr að undirbúningsvinnu og tækniþjálfun. Nemendur viðá að sér upplýsingum og efni, kanna, rannsaka, prófa, ímynda sér, læra tækni, forma, taka áhættu sem skerpur eigið þor og traust bæði til viðfangsefnisins og eigin hugmynda.

***Framkvæmd*** felur í sér að nemendur beita aðferðum þar sem þeir umbreyta, túlka, flytja, sýna, prófa, forma og framleiða.

***Greining*** felur í sér að nemendur dýpka skilning sinn og upplifun með umræðu, tjáningu og mati. Nemendur greina, yrða, meta, virða, gagnrýna, bera saman, túlka, ígrunda og rannsaka.



**Samhengi** felur í sér að setja ferlið í sögulegt, menningarlegt, persónulegt og félagslegt samhengi. Nemendur yrða, meta, ígrunda, skipuleggja/endurskipuleggja, smíða kenningar, þroskast og breytast.

**Frumkvæði, sköpun, nýsköpun, tækni, hugmyndir og hugvit:**

- þarfaleit
- teiknivinna
- hönnunarverkefni
- líkanasmíði
- fumgerðasmíði
- rafrásir
- 3D
- Endurvinnsla

Æfing - Hugmynd - Hönnun - Framkvæmd

**Námsmat**

- Þátttaka í tímum
- Nemendur vinna verkefni sem þeir ýmist fá að taka með sér heim og eða taka mynd af og setja í bók.
- Við lok lotunnar munum nemendur hafa með sér bók sem inniheldur myndir, leiðbeiningar og uppskriftir eftir því sem við á.

**Hæfniviðmið - námsþættir**

**Vinnulag og vinnubrögð**

Nemandi getur

- nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag
- sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn
- gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði

## **Upplýsingaöflun og úrvinnsla**

Nemandi getur

- nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu verkefna
- nýtt hugbúnað/forrit

## **Tækni og búnaður**

Nemandi getur

- notað einfaldan hugbúnað/forrit
- smíðað líkön eftir leiðbeiningum

## **Handverk**

Nemandi getur

- valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt

## **Hönnun og tækni**

Nemandi getur

- dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar,
- unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit,
- framkvæmt einfaldar samsetningar,
- sagt frá orkugjöfum sem nota má í smíðaverkefnum og nýtt virkniþætti í smíðisgripum, s.s. vogarafl, gorma og teygjur,
- bent á ýmis tæknifyrirbrigði er tengjast hans daglega lífi,
- greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt nokkrar lausnir.

## **Umhverfi**

Nemandi getur

- valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi,

- sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með

### **Siðferði og öryggismál**

Nemandi getur

- sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga,
- farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra.

**Bekkjarnámskrá**  
**Tónmennt - 4. bekkur**  
**Skólaárið 2024-2025**



**Kennari:** Rasa Vareikiene

**Tímafloði:** 1 tími á viku

**Markmið**

Að gera sér grein fyrir áhrifum hljóðs og þagnar. Að þekkja og nota áherlsumerki. Að þekkja öndunarmerki og hendingar. Að vana með nótur og laglínustefnu. Að þekkja tákn tónfræðinnar. Að þekkja tákn og áhrif styrkleikamerkja. Að þekkja andstæðurnar hratt og hægt. Að þekkja mun á barnakór, kvennakór, karlakór og blönduðum kór. Að þjálfra tóneyra og sjálfstæði í söng. Að sameina söng hreyfingu. Að þekkja muninn á talsöng og söng. Að nemendur öðlist leikni í notkun slagverkshljóðfæra með hlustun, samvinnu og spuna. Að þjálfra nemendur til að fylgja fyrirmælum og stjórnanda. Að þjálfra púls og hrynn. Að þjálfra áslátt, spilataekni og samspil á tré, málm og klukkuspil. Að dansa við tónlist. Getur tengt tónlist við líkamann sinn.

**Námsefni**

Ásláttarhljóðfæri, hlustunarefni og ýmislegt lagt til af kennara, bók, "Tónlist og tíminn".

**Kennsluhættir**

Innlögn kennara, einstaklingsvinna, para- og hópavinna.

**Námsmat**

**Verkefni og virknimat.**

**Hæfniviðmið - námsþættir**

**Tónmennt**

Þekkt hljóðfæri og hljóðblæ í tónsköpun og hlustun

Greint ólíkar raddir og beitt rödd sinni sem hljóðfæri í samsöng og spuna.

Greint einföld stílbrigði í tónlist (t.d. íslenskt þjóðlög).

Rætt um eigin tónlist og annarra út frá smekk og upplifun.

Leikið einfalda rytma eða þrástef á slagverkshljóðfæri og önnur skólahljóðfæri.

Tekið þátt í að skapa og flytja einfalt tónverk/hljóðverk og skráð það á einfaldan hátt.

### **Menningarläsi**

Unnið einföld verkefni í hópi.

Tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.

Gengið frá eftir vinnu sína.

Lagt mat á eigin verk.

Fjallað á einfaldan hátt um þætti sem snerta menningu í tengslum við verkefni sín.

Unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.

**Bekkjarnámskrá**  
**Sjónlistir – 4. bekkur**  
**Skólaárið 2024-2025**



**Kennari:** Silvia Villaverde Björgvinsdóttir

**Tímaföldi:** 2 kennslustundir á viku (hringekja)

**Markmið**

Sjónlist er í eðli sínu skapandi námsferli. Mikilvæg ferli þar sem nemendur finna innri rödd, mynda tengingar, og þróa leikni í ólíkum nálgunum, s.s. í teikningu, málun, mótun, graffktækni, klippiaðferð og skjámiðlum. Að taka þátt í að skapa, greina og njóta listar stuðlar að því að nemendur þjálfast í að upplifa list ásamt því að þróa með sér samkennd, umburðarlyndi og gagnrýninn skilning á heiminum. Í umræðum um sjónlist skapast tækifæri til að þjálfra orðaforða myndlistar, samkennd og umburðarlyndi í tengslum við gagnrýna umræðu um upplifun nemenda á völdum listaverkum og eigin verkum. Með því að tengja við eigin reynslu þjálfast nemendur í læsi á eigið umhverfi. Alls staðar í umhverfi okkar er sjónrænt áreiti sem mikilvægt er fyrir nemendur að læra að lesa og greina. Í sjónlist er unnið með skynjun, greiningu og túlkun sem veitir nemendum forsendur til að tjá það sem þeir horfa á, heyra það sem þeir hlusta á, finna það sem þeir snerta og skapa út frá reynslunni.

**Námsefni**

- Teikniblýantar, túss, tréliti, ýmis konar pappír, þekjultir, málning, vatnslitir og penslar, steinleir og glerunga, sírklar og reglustikur.
- „Myndmennt II „(Námsgagnastofnun), „Íslensk Listasaga“, Listasafn Íslands, ( Forlagið ), „Listasaga, frá Hellalist til 1900“, Halldór Björn Runólfsson og Ingimar Waage (MMS), “Ég Sé með Teikningu”, Björg Eiríksdóttir (MMS) , “Kveikjur fyrir Skapandi Skólustarf”, Vigdís Hlíf Sigurðardóttir ( MMS),
- Annað efni tengd greinarinnar frá kennara.

**Kennsluaðferðir**

Innlögn kennara, sýnishorn, nemendur vinna sjálfstætt eða í hópum eftir fyrirmælum kennara.

### **Námsmat**

Námsmat verður í formi símats þar sem ekki er aðeins gefið fyrir þau verkefni er nemandinn vinnur, heldur virkni nemandans í tímum; sjálfstæði, sköpun, vandvirkni og umgengni. Samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrár.

### **Hæfniviðmið – námsþættir**

#### **Handverk, aðferðir og tækni**

- Getur notað einfaldar aðferðir greinarinna og beitt viðeigandi áhöldum.
- Getur unnið eftir einföldum leiðbeiningum.
- Getur fjallað um eigin verk og annarra á einfaldan hátt.

#### **Sköpun, hönnun og útfærsla**

- Getur tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.
- Fjallað um eigin verk og annara.
- Skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum.
- Getur skreytt verkefni á einfaldan hátt.
- Getur nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar.
- Getur unnið út frá eigin listsköpun.
- Leitað að einföldum upplýsingum í nokkrum miðlum.

#### **Menning og umhverfi**

- Þekkir og getur gert grein fyrir völdum verkum listamanna og lýst þeim aðferðum sem beitt var við sköpun verksins.
- Greint á einfaldan hátt áhrif myndmáls í nærumhverfi
- Skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar.

#### **Félagsfærni og gagnrýnin hugsun**

- Unnið sjálfstætt eða í hóp.
- Fjallað um eigin verk og annarra á einfaldan hátt.



**Bekkjarnámskrá**  
**Textílmennt – 4. bekkur**  
**Skólaárið 2024-2025**



**Kennari:** Ásta Guðný Ragnarsdóttir

**Tímafjöldi:** 2 kennslustundir á viku í 16-17 skipti

**Markmið**

Markmið að samhæfa hug og hönd nemenda, temja nemendum rétt vinnubrögð, rétta og örugga notkun áhalda. Áhersla lögð á frjálsglega og skapandi vinnu, ásamt þjálfun fínhyringa, vandvirkni og sjálfstæði. Nemendur læra að þrjúna, slétt og brugðið, klippa efni, nota tíuprjúna, nálar, skæri og sauma í saumavél.

**Námsefni**

Námsefni og sýnikennsla hjá kennara, garn, þrjúna, skæri, lím, perlur, skraut, tíuprjúna, nálar, efni, saumavél, tvinni og fleira.

**Kennsluaðferðir**

- Verkefni
- Innlögn / sýnikennsla kennara
- Einstaklingsvinna
- Para- og hópavinna

**Námsmat**

Verkefni nemenda eru lögð til grundvallar við námsmat, ásamt áhuga, sjálfstæði, verklagni, hegðun og vinnusemi nemenda í tímum.

**Hæfniviðmið - námsþættir**

**Handverk, aðferðir og tækni**

- Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum.
- Unnið úr nokkrum gerðum textílefna.

- Unnið eftir einföldum leiðbeiningum.

### **Sköpun, hönnun og útfærsla**

- Tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu.
- Gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað hugtök sem tengjast greininni.
- Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt.
- Leitað að einföldum upplýsingum í nokkrum miðlum.

### **Menning og umhverfi**

- Sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt.
- Sagt frá nokkrum tegundum textílefna og unnið með það á einfaldan hátt.
- Notað ný og endurunnin efni í textílvinnu.
- Fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna.

**Bekkjarnámskrá**  
**Heimilisfræði - 4. bekkur**  
**Skólaárið 2024-2025**



**Kennari:** Björk Sverrisdóttir

**Tímafjöldi:** 2 kennslustundir á viku í 8-9 skipti

**Markmið**

Að nemendi geti farið eftir einföldum uppskriftum og með aðstoð, útbúið einfaldar máltíðir, þjálfist í notkun mælitækja s.s. mæliskeiða og desilítramáls og skammstafi þeirra. Geti farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti, þrif og uppþvotts. Geri sér grein fyrir helst hættum sem fylgja vinnu í elhúsi, æfi sig í notkun á beittum hnífum, nota eldavél og bakaraofn. Átti sig á hvaða matvæli flokkast sem grænmeti, hvað eru ávextir nöfn þeirra og tilgangi fæðuhringsins.

**Námsefni**

Heimilisfræði 4 og efni frá kennara

**Kennsluaðferðir**

Sýni, verkleg og bóklegkennsla.

**Námsmat**

Símat

**Hæfniviðmið - námsþættir**

**Matur og lífshættir**

- Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti.
- Tjáð sig um helstu kostnaðarliði við matargerð og heimilishald almennt.
- Valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan.
- Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif.

**Matur og vinnubrögð**

- Útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir.
- Nýtt ýmsa miðla til að afla upplýsinga um einfaldar uppskriftir.
- Farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld.
- Sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi.

**Matur og umhverfi**

- Sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við sjálfbærni.
- Skilið einfaldar umbúðamerkingar.

**Matur og menning**

- Tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat.